

## SAMÞYKKT

### fyrir sorphirðu í Húnavatnshreppi.

#### I. KAFLI

##### Almenn ákvæði.

###### 1. gr.

Húnavatnshreppur annast meðhöndlun úrgangs í sveitarfélaginu þ.m.t. sorphreinsun og sorpeyðingu frá öllu íbúðarhúsnæði í sveitarfélaginu og frá atvinnuhúsnæði.

Heilbrigðisnefnd Norðurlands vestra hefur eftirlit með að farið sé að samþykkt þessari.

Hreppsnefnd er heimilt að fela öðrum framkvæmd sorphirðu. Þeir aðilar sem sjá um meðhöndlun úrgangs skulu hafa til þess tilskilin starfsleyfi í samræmi við reglugerð nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun. Um meðhöndlun úrgangs fer að öðru leyti í samræmi við ákvæði laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs.

###### 2. gr.

Meðhöndlun úrgangs skal framkvæmd undir stjórn framkvæmdastjóra sveitarfélagsins og skal hann sjá um samskipti við þá aðila, sem að því koma, s.s. vegna móttöku spilliefna, meðferðar landbúnaðarplasts og brotajárnshirðu.

###### 3. gr.

Sérhverjum húsráðanda er skylt að nota þau ílát og þær aðferðir sem sveitarstjórn ákveður vegna úrgangs. Sorpgeymslur og gámasvæði skulu vera aðgengileg. Húsráðendur skulu halda ílátum hreinum og hreinsa snjó frá sorpgeymslum á vetrum og halda ávallt greiðfærri leið að þeim.

###### 4. gr.

Óheimilt er að láta garðaúrgang, jarðefni, dýrahrae, ull, rúlluplast eða brotajárn í sorphílát og gáma. Jarðvegsefnum, þ.m.t. grjóti eða múrbroti, skal komið fyrir á sérmerkta losunarstaði. Spilliefnum og hættulegum úrgangi skal komið fyrir í til þess gerðum ílátum á gámasvæði eða móttökustöð.

###### 5. gr.

Gámar sem almenningur hefur aðgang að skulu staðsettir á aðgengilegum stöðum. Húsráðandi getur farið fram á að ílátum sé fjölgað og greiðir þá aukagjald sem af fjölgun hlýst. Fjöldi íláta skal ekki svo takmarkaður að þau yfirfyllist.

###### 6. gr.

Hreppsnefnd ákveður, að fengnum tillögum frá framkvæmdastjóra sveitarfélagsins og framkvæmdaaðila sorphirðu, tíðni sorphreinsunar. Gert er ráð fyrir því að sorphreinsun fari að jafnaði fram vikulega yfir sumarmánuðina júní, júlí, ágúst og hálfsmánaðarlega á öðrum tíma ársins. Ákvörðun um tíðni sorphreinsunar skal tilkynnt íbúum og fyrirtækjum í sveitarfélaginu, svo og ef um breytingar er að ræða, með hæfilegum fyrirvara.

## II. KAFLI Sorphirðugjald.

### 7. gr.

Innheimta skal gjald fyrir förgun úrgangs í samræmi við ákvæði 1. mgr. 11. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs. Þá er sveitarstjórn heimilt að innheimta sorphirðugjald fyrir alla aðra meðhöndlun úrgangs og tengda starfsemi í samræmi við 2. mgr. 11. gr. laganna. Gjaldið skal sett og innheimt samkvæmt gjaldskrá sem sett er samkvæmt ákvæðum 11. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs og að fenginni umsögn heilbrigðisnefndar. Heimilt er að leggja gjöld þessi á hverja fasteign, stofnun eða fyrirtæki sem nýtur þjónustunnar. Gjöld skal miða við fjölda sorphirðuiláta, hvort um er að ræða flokkaðan eða óflokkaðan úrgang og tíðni söfnunar. Heimilt er að innheimta sorphirðugjöld hjá fyrirtækjum og stofnunum samkvæmt magni úrgangs, þ.e. rúmmáli og/eða þyngd úrgangs, gerð úrgangs, losunartíðni, frágang úrgangs eða öðru samkomulagi við viðkomandi. Gjöld mega aldrei vera hærri en nemur þeim kostnaði sem fellur til í sveitarfélaginu við meðhöndlun úrgangs og tengda starfsemi, svo og við veitta þjónustu og framkvæmd eftirlits með einstökum þáttum. Sveitarstjórn er heimilt að leggja sorpgjald á öll heimili, sumarhús og rekstraraðila. Leitast skal við að skipting gjaldsins taki mið af raunverulegum útgjöldum sveitarsjóðs hvers flokks fyrir sig. Þá er sveitarstjórn heimilt að leggja grunn gjald á alla flokka til að standa undir sameiginlegum kostnaði.

Húnavatnshreppur skal láta birta gjaldskrána í B-deild Stjórnartíðinda. Í gjaldskránni skal vísa til þessarar samþykktar.

Sveitarstjórn skal haga gjaldskrá fyrir sorpgjöld með þeim hætti að það hvetji til að draga úr sorpmagni sem fer til urðunar og leiði til lækkaðs kostnaðar.

## III. KAFLI Ýmis ákvæði.

### 8. gr.

Hafi húsráðandi fram að færa kvörtun vegna sorphirðu skal hann koma slíkri kvörtun á framfæri við framkvæmdaáðila verksins.

### 9. gr.

Með brot á samþykkt þessari skal farið samkvæmt ákvæðum laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998.

### 10. gr.

Framangreind samþykkt hreppsnefndar Húnavatnshrepps staðfestist hér með samkvæmt ákvæðum 25. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998, með síðari breytingum, sbr. 4. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs, til þess að öðlast þegar gildi.

*Umhverfissráðuneytinu, 9. janúar 2008.*

F. h. r.

**Sigríður Auður Arnardóttir.**

*Sigurbjörg Sæmundsdóttir.*